

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Drífa Valdimarsdóttir <drifa@nordurthing.is>
Sent: fimmtudagur, 15. október 2020 15:10
Til: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið; Jón Prándur Stefánsson
Afrit: Kristján Þór Magnússon
Efni: 202010078 - Úthlutun byggðakvóta - sérreglur Norðurbings

Góðan dag.

Á fundi byggðarráðs Norðurbings í morgun var tekið fyrir ofangreint erindi.
Á fundinum var bókað;

„Byggðarráð samþykkir að óska eftir því að eftirfarandi sérreglur muni gilda um úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu:

Ákvæði reglugerðar nr. XXX/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Raufarhafnar og Kópaskers með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.*
- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.*
- c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.“*

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Drífa Valdimarsdóttir
Fjármálastjóri Norðurbings og staðgengill sveitarstjóra



Stjórnarsýsluhús
Ketilsbraut 7-9

Norðurþing



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

640 Húsavík
Sími 464 6100

<https://www.nordurthing.is/static/files/disclaimer.pdf>